Landsvirkjun

Samandreginn árshlutareikningur
1.1.-30.6.2021



# Samstæða

# Efnisyfirlit

Lykilstærðir....3

Helstu upplýsingar....4

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra....5

Könnunaráritun óháðra endurskoðenda....6

Rekstrarreikningur....7

Yfirlit um heildarafkomu....8

Efnahagsreikningur....9

Eiginfjáryfirlit....10

Sjóðstreymisyfirlit....11

Skýringar....12

HEIMSMARKMIÐIN
Markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun

CDP DISCLOSURE INSIGHT ACTION A-

2020 Framúrskarandi fyrirtæki

JAFNLAUNAMERKIÐ

2020 Opinbert fyrirmyndarfyrirtæki

# Lykilstærðir

## Rekstrartekjur




## Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði




## Handbært fé frá rekstri




## Nettó skuldir







| Uppsett afl | 15 Vatnsaflsst. | 3 Jarðvarmast. | 2 Vindmyllur | Háspennulínur |
|---|---|---|---|---|
| 2.146 MW | 1.991 MW | 153 MW | 2 MW | 3.500 km |

# Helstu upplýsingar - ókannað

## Framsetning stjórnenda á rekstri Landsvirkjunar

**Fjárhæðir í þúsundum USD**

| | 2021<br>1.1.-30.6. | 2020<br>1.1.-30.6. | 2019<br>1.1.-30.6. | 2018<br>1.1.-30.6. | 2017<br>1.1.-30.6. |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstur** | | | | | |
| Rekstrartekjur | 276.983 | 223.281 | 255.523 | 273.946 | 234.172 |
| Innleystar áhættuvarnir | (15.020) | 3.819 | 4.195 | (4.402) | (1.812) |
| **Rekstrartekjur samtals** | 261.963 | 227.100 | 259.718 | 269.544 | 232.360 |
| Rekstrar- og viðhaldskostnaður | (65.962) | (59.745) | (61.525) | (71.789) | (64.676) |
| **Rekstrarhagnaður án afskrifta (EBITDA )** | 196.001 | 167.355 | 198.193 | 197.755 | 167.684 |
| Afskriftir og virðisrýrnun | (68.907) | (63.848) | (67.400) | (61.839) | (58.321) |
| **Rekstrarhagnaður (EBIT)** | 127.094 | 103.507 | 130.793 | 135.916 | 109.363 |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | (27.802) | (30.344) | (34.402) | (49.192) | (34.231) |
| **Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði** | 99.292 | 73.163 | 96.391 | 86.724 | 75.132 |
| **Óinnleystir fjármagnsliðir:** | | | | | |
| Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða | 21.400 | (19.626) | 765 | (29.133) | 35.816 |
| Gangvirðisbreytingar annarra afleiða | (38.871) | (29) | (3.431) | 14.046 | (2.951) |
| Óinnleystur gjaldeyrismunur | 942 | 9.824 | 8.419 | 10.037 | (48.495) |
| | (16.529) | (9.831) | 5.753 | (5.050) | (15.630) |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | 82.763 | 63.332 | 102.144 | 81.674 | 59.502 |
| Tekjuskattur | (27.662) | (19.770) | (33.586) | (27.167) | (19.789) |
| **Hagnaður tímabilsins** | 55.101 | 43.562 | 68.558 | 54.507 | 39.713 |
| **Efnahagur** | **30.6.2021** | **30.6.2020** | **30.6.2019** | **30.6.2018** | **30.6.2017** |
| Eignir samtals | 4.462.475 | 4.332.388 | 4.355.140 | 4.486.572 | 4.379.436 |
| Eigið fé samtals | 2.234.624 | 2.201.115 | 2.191.134 | 2.099.502 | 1.995.963 |
| Skuldir samtals | 2.227.851 | 2.131.273 | 2.164.006 | 2.387.070 | 2.383.473 |
| Nettó skuldir * | 1.591.137 | 1.631.302 | 1.758.546 | 1.992.640 | 2.017.227 |
| **Sjóðstreymi** | **1.1.-30.6.** | **1.1.-30.6.** | **1.1.-30.6.** | **1.1.-30.6.** | **1.1.-30.6.** |
| Veltufé frá rekstri (FFO) | 166.179 | 138.561 | 166.178 | 154.955 | 134.136 |
| Handbært fé frá rekstri | 163.540 | 129.654 | 159.892 | 149.239 | 142.366 |
| Fjárfestingar | (56.808) | (40.201) | (32.255) | (96.656) | (117.767) |
| Fjármögnun | (10.692) | (92.586) | (165.788) | (66.682) | (62.681) |
| **Lausafé** | **30.6.2021** | **30.6.2020** | **30.6.2019** | **30.6.2018** | **30.6.2017** |
| Handbært fé | 189.412 | 105.523 | 76.547 | 111.802 | 108.807 |
| Óádregin lán | 190.000 | 180.000 | 346.417 | 379.224 | 401.840 |
| Lausafé alls | 379.412 | 285.523 | 422.964 | 491.026 | 510.647 |
| **Kennitölur** | | | | | |
| Arðsemi eiginfjár ** | 4,1% | 4,1% | 6,4% | 6,2% | 3,7% |
| Eiginfjárhlutfall | 50,1% | 50,8% | 50,3% | 46,8% | 45,6% |
| Vaxtaþekja (EBITDA/ nettó vaxtagjöld) ** | 6,44x | 5,43x | 5,70x | 4,77x | 5,32x |
| Veltufé frá rekstri / nettó skuldir ** | 18,5% | 17,5% | 18,6% | 15,2% | 12,2% |
| Veltufé frá rekstri / vaxtagjöld ** | 5,28x | 4,31x | 4,58x | 3,71x | 3,95x |
| Nettó skuldir / EBITDA ** | 4,48x | 4,69x | 4,51x | 5,30x | 6,42x |
| **Lánshæfiseinkunn án ríkisábyrgðar í lok júní** | | | | | |
| Standard & Poor's | BBB+ | BBB | BBB | BBB | BBB |
| Moody's | Baa1 | Baa1 | Baa2 | Baa2 | Baa3 |

* Nettó skuldir eru vaxtaberandi skuldir að frádregnu handbæru fé

** Kennitölur miðast við síðustu 12 mánuði

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Tilgangur Landsvirkjunar er að stunda starfsemi á orkusviði ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni. Árshlutareikningur fyrirtækisins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2021 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal *IAS 34* um árshlutareikninga og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga og hefur að geyma samandreginn samstæðuárshlutareikning fyrirtækisins sem tekur, auk móðurfélagsins til fjögurra dótturfélaga, Landsnets hf., Orkufjarskipta hf., Icelandic Power Insurance Ltd., og Landsvirkjunar Power ehf.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður af rekstri samstæðunnar á tímabilinu janúar til júní 2021 55,1 milljón USD, en hagnaður samstæðunnar á sama tímabili árið 2020 var 43,6 milljónir USD. Breytingin á milli tímabila nemur 11,5 milljónum USD. Tekjur samstæðunnar námu 262,0 milljónum USD á tímabilinu en voru 227,1 milljón USD á sama tímabili árið áður. Hækkunin er aðallega tilkomin vegna hækkunar á heimsmarkaðsverði á áli og raforkuverði á Nord Pool markaði. Gangvirðisbreytingar afleiðusamninga voru neikvæðar um 17,5 milljónir USD á tímabilinu janúar til júní 2021 en voru neikvæðar um 19,7 milljónir USD á sama tímabili árið áður og gjaldeyrismunur var jákvæður um 0,8 milljónir USD á tímabilinu en jákvæður um 9,7 milljónir USD á sama tímabili árið áður. Handbært fé frá rekstri var 163,5 milljónir USD á tímabilinu en var 129,7 milljónir USD á sama tímabili árið áður. Í lok júní 2021 nam handbært fé samstæðunnar samtals 189,4 milljónum USD og óádregin lán 190,0 milljónum USD eða alls 379,4 milljónir USD. Eigið fé samstæðunnar í lok júní var 2.234,6 milljónir USD samkvæmt efnahagsreikningi en 2.235,1 milljón USD í árslok 2020.

## Áhrif COVID-19 faraldursins á rekstur og stöðu Landsvirkjunar og aðrir áhættuþættir

Þótt áhrif COVID-19 hafi verið lítil á tímabilinu er faraldrinum ekki lokið og óljóst hvernig hann mun þróast. Engar vísbendingar eru þó um veruleg neikvæð áhrif. Hvað aðra áhættuþætti varðar er vísað til skýringa í ársreikningi ársins 2020.

## Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er árshlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga. Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 30. júní 2021, rekstrarafkomu og breytingu á handbæru fé á tímabilinu ianúar til iúní 2021.

Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar fyrir tímabilið janúar til júní 2021 gefi glöggt yfirlit um árangur af rekstri samstæðunnar, stöðu hennar og þróun og lýsi helstu áhættuþáttum sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri hafa í dag farið yfir samstæðuárshlutareikning fyrirtækisins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2021 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 20. ágúst 2021.

Í stjórn félagsins:
Jónas Þór Guðmundsson
Álfheiður Ingadóttir
Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir
Gunnar Tryggvason
Jón Björn Hákonarson

Forstjóri:
Hörður Arnarson

# Könnunaráritun óháðra endurskoðenda

## Til stjórnar og eigenda Landsvirkjunar

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn samstæðuárshlutareikning Landsvirkjunar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2021. Árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnar og forstjóra á árshlutareikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga.

## Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

## Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

## Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að samandregni samstæðuárshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á tímabilinu, efnahag hennar 30. júní 2021 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga.

Reykjavík, 20. ágúst 2021.

*Deloitte ehf.*

Birna María Sigurðardóttir
endurskoðandi

Pétur Hansson
endurskoðandi

# Rekstrarreikningur

| | Skýr. | 2021 1.1.-30.6. | 2020 1.1.-30.6. | 2021 F2* | 2020 F2* |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | | | |
| Raforkusala | 6 | 228.257 | 182.011 | 117.879 | 79.971 |
| Innleystar áhættuvarnir | | ( 15.020) | 3.819 | ( 9.902) | 2.543 |
| Flutningstekjur | 6 | 42.832 | 37.838 | 21.531 | 17.887 |
| Aðrar tekjur | | 5.894 | 3.432 | 1.747 | 537 |
| | | 261.963 | 227.100 | 131.255 | 100.938 |
| **Rekstrargjöld** | | | | | |
| Orkuvinnsla | | 72.742 | 69.357 | 35.827 | 34.070 |
| Flutningskerfi | | 31.234 | 30.856 | 16.263 | 14.482 |
| Almennar rannsóknir | | 8.849 | 3.981 | 4.886 | 1.944 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 22.044 | 19.399 | 10.883 | 9.031 |
| | | 134.869 | 123.593 | 67.859 | 59.527 |
| **Rekstrarhagnaður** | | 127.094 | 103.507 | 63.396 | 41.411 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | | | |
| Vaxtatekjur | | 318 | 1.003 | 168 | 240 |
| Vaxtagjöld | | ( 27.869) | ( 31.129) | ( 14.221) | ( 14.838) |
| Gjaldeyrismunur | | 773 | 9.709 | ( 4.391) | ( 9.618) |
| Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða | | 21.400 | ( 19.626) | 18.276 | 4.166 |
| Gangvirðisbreytingar annarra afleiðusamninga | | ( 38.871) | ( 29) | ( 26.784) | ( 5.931) |
| | 7 | ( 44.249) | ( 40.072) | ( 26.952) | ( 25.981) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | | ( 82) | ( 103) | ( 82) | ( 106) |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | | 82.763 | 63.332 | 36.362 | 15.324 |
| Tekjuskattur | | ( 27.662) | ( 19.770) | ( 12.214) | ( 4.830) |
| **Hagnaður tímabilsins** | | 55.101 | 43.562 | 24.148 | 10.494 |
| **Skipting hagnaðar** | | | | | |
| Eigendur móðurfélags | | 49.292 | 37.804 | 21.572 | 8.489 |
| Minnihluti í dótturfélögum | | 5.809 | 5.758 | 2.576 | 2.005 |
| | | 55.101 | 43.562 | 24.148 | 10.494 |

* Ársfjórðungsuppgjör hafa ekki verið könnuð af endurskoðendum samstæðunnar.

Skýringar nr. 1 til 12 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

# Yfirlit um heildarafkomu

| | 2021<br>1.1.-30.6. | 2020<br>1.1.-30.6. | 2021<br>F2* | 2020<br>F2* |
|---|---|---|---|---|
| **Hagnaður tímabilsins** | 55.101 | 43.562 | 24.148 | 10.494 |
| **Liðir færðir beint á eigið fé sem munu ekki vera færðir síðar í rekstrarreikning:** | | | | |
| Lífeyrisskuldbinding að frádregnum tekjuskatti, br. | ( 1.886) | ( 909) | ( 1.234) | ( 583) |
| Niðurrifsskuldbinding að frádregnum tekjuskatti, br. | 664 | ( 2.978) | 1.030 | ( 1.423) |
| **Liðir færðir beint á eigið fé sem gætu verið færðir síðar í rekstrarreikning:** | | | | |
| Þýðingarmunur vegna dóttur- og hlutdeildarfélaga | 472 | ( 1.873) | 453 | 533 |
| Rekstrarliðir færðir á eigið fé samtals | ( 750) | ( 5.760) | 249 | ( 1.473) |
| **Heildarhagnaður tímabilsins** | 54.351 | 37.802 | 24.397 | 9.021 |
| **Skipting heildarhagnaðar** | | | | |
| Eigendur móðurfélags | 48.083 | 33.375 | 21.397 | 7.475 |
| Minnihluti í dótturfélögum | 6.268 | 4.427 | 3.000 | 1.546 |
| | 54.351 | 37.802 | 24.397 | 9.021 |

* Ársfjórðungsuppgjör hafa ekki verið könnuð af endurskoðendum samstæðunnar.

Skýringar nr. 1 til 12 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

# Efnahagsreikningur

| Eignir | Skýr. | 30.6.2021 | 31.12.2020 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Rekstrarfjármunir | | 3.843.697 | 3.855.644 |
| Rekstrarfjármunir í byggingu | | 117.930 | 121.374 |
| Undirbúningskostnaður | | 133.286 | 136.412 |
| Aðrar óefnislegar eignir | | 48.978 | 48.590 |
| Afleiðusamningar | 8 | 32.893 | 14.931 |
| Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum | | 2.152 | 1.901 |
| Skatteign | | 31 | 4 |
| Aðrar langtímaeignir | | 747 | 723 |
| Fastafjármunir samtals | | 4.179.714 | 4.179.579 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Birgðir | | 6.097 | 5.553 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | | 69.372 | 69.344 |
| Afleiðusamningar | 8 | 17.880 | 1.905 |
| Handbært fé | | 189.412 | 91.963 |
| Veltufjármunir samtals | | 282.761 | 168.765 |
| **Eignir samtals** | | 4.462.475 | 4.348.344 |
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | | | |
| Eigendaframlög | | 586.512 | 586.512 |
| Endurmatsreikningur | | 144.710 | 147.161 |
| Bundin hlutdeild | | 61.017 | 59.178 |
| Þýðingarmunur | | ( 41.985) | ( 42.232) |
| Annað eigið fé | | 1.340.175 | 1.341.726 |
| Eigið fé eigenda móðurfélagsins | | 2.090.429 | 2.092.345 |
| Hlutdeild minnihluta | | 144.195 | 142.790 |
| Eigið fé samtals | | 2.234.624 | 2.235.135 |
| **Langtímaskuldir** | | | |
| Vaxtaberandi skuldir | 9 | 1.579.635 | 1.531.715 |
| Lífeyrisskuldbindingar | | 39.746 | 36.597 |
| Tekjuskattsskuldbinding | | 183.989 | 173.513 |
| Leiguskuldbinding | | 6.283 | 6.091 |
| Skuldbindingar vegna niðurrifs | | 17.159 | 17.727 |
| Fyrirfram innheimtar tekjur | | 2.482 | 2.555 |
| Afleiðusamningar | 8 | 26.075 | 5.408 |
| | | 1.855.369 | 1.773.606 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | | 111.688 | 71.072 |
| Vaxtaberandi skuldir | 9 | 200.914 | 236.052 |
| Tekjuskattur til greiðslu | | 16.315 | 24.618 |
| Afleiðusamningar | 8 | 43.565 | 7.861 |
| | | 372.482 | 339.603 |
| Skuldir samtals | | 2.227.851 | 2.113.209 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 4.462.475 | 4.348.344 |

Skýringar nr. 1 til 12 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

# Eiginfjáryfirlit

| | Eigenda-framlög | Endurmats-reikningur | Bundin hlutdeild | Þýðingar-munur | Annað eigið fé | Eigið fé eigenda móðurfélags | Hlutdeild minnihluta | Eigið fé samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. janúar til 30. júní 2020** | | | | | | | | |
| Eigið fé 1. janúar 2020 | 586.512 | 155.668 | 47.191 | (41.570) | 1.349.582 | 2.097.383 | 138.016 | 2.235.399 |
| Þýðingarmunur | | | | (1.592) | | (1.592) | (281) | (1.873) |
| Niðurrifsskuldbinding, br. | | (1.928) | | | | (1.928) | (1.050) | (2.978) |
| Lífeyrisskuldbinding, br. | | | | | (909) | (909) | 0 | (909) |
| Hagnaður tímabilsins | | | | | 37.804 | 37.804 | 5.758 | 43.562 |
| Heildarhagnaður | | (1.928) | | (1.592) | 36.895 | 33.375 | 4.427 | 37.802 |
| Arður | | | | | (68.743) | (68.743) | (3.343) | (72.086) |
| Hlutdeild í hagnaði dóttur- og hlutd.félaga millif. | | | 2.733 | | (2.733) | 0 | 0 | 0 |
| Upplausn afskrifta af endurmati | | (2.905) | | | 2.905 | 0 | 0 | 0 |
| Eigið fé 30. júní 2020 | 586.512 | 150.835 | 49.924 | (43.162) | 1.317.906 | 2.062.015 | 139.100 | 2.201.115 |
| | | | | | | | | |
| **1. janúar til 30. júní 2021** | | | | | | | | |
| Eigið fé 1. janúar 2021 | 586.512 | 147.161 | 59.178 | (42.232) | 1.341.726 | 2.092.345 | 142.790 | 2.235.135 |
| Þýðingarmunur | | | | 247 | | 247 | 225 | 472 |
| Niðurrifsskuldbinding, br. | | 430 | | | | 430 | 234 | 664 |
| Lífeyrisskuldbinding, br. | | | | | (1.886) | (1.886) | 0 | (1.886) |
| Hagnaður tímabilsins | | | | | 49.292 | 49.292 | 5.809 | 55.101 |
| Heildarhagnaður | | 430 | | 247 | 47.406 | 48.083 | 6.268 | 54.351 |
| Arður | | | | | (50.000) | (50.000) | (4.863) | (54.863) |
| Hlutdeild í hagnaði dóttur- og hlutd.félaga millif. | | | 1.839 | | (1.839) | 0 | 0 | 0 |
| Upplausn afskrifta af endurmati | | (2.881) | | | 2.881 | 0 | 0 | 0 |
| Eigið fé 30. júní 2021 | 586.512 | 144.710 | 61.017 | (41.985) | 1.340.175 | 2.090.429 | 144.195 | 2.234.624 |

Skýringar nr. 1 til 12 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

# Sjóðstreymisyfirlit

| | 2021<br>1.1.-30.6. | 2020<br>1.1.-30.6. | 2021<br>F2* | 2020<br>F2* |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | | |
| Rekstrarhagnaður | 127.094 | 103.507 | 63.396 | 41.411 |
| Afskriftir og virðisrýrnun | 68.907 | 63.848 | 34.779 | 31.893 |
| Lífeyrisskuldbinding, breyting | ( 1.072) | ( 860) | ( 561) | ( 417) |
| Aðrar breytingar | ( 945) | 1 | ( 939) | 1 |
| Veltufé frá rekstri án fjármagnsliða | 193.984 | 166.496 | 96.675 | 72.888 |
| Rekstrartengdar eignir, breyting | ( 1.007) | 12.993 | 5.510 | 9.013 |
| Rekstrartengdar skuldir, breyting | 9.650 | ( 9.012) | ( 6.881) | ( 12.656) |
| Handbært fé frá rekstri án fjármagnsliða | 202.627 | 170.477 | 95.304 | 69.245 |
| Innborgaðar vaxtatekjur | 305 | 669 | 174 | 181 |
| Greidd vaxtagjöld og gjaldeyrismunur | ( 27.501) | ( 33.712) | ( 10.429) | ( 11.089) |
| Greiddir skattar | ( 11.891) | ( 7.780) | ( 6.952) | ( 4.095) |
| Handbært fé frá rekstri | 163.540 | 129.654 | 78.097 | 54.242 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | | |
| Aflstöðvar í rekstri | ( 10.987) | ( 8.525) | ( 5.244) | ( 3.950) |
| Fjárfesting í flutningsvirkjum | ( 42.865) | ( 28.344) | ( 26.057) | ( 15.553) |
| Virkjanaundirbúningur | ( 712) | ( 843) | ( 122) | ( 218) |
| Keypt hlutabréf | ( 305) | 0 | ( 15) | 0 |
| Aðrar fjárfestingar | ( 3.349) | ( 2.504) | ( 1.380) | ( 1.212) |
| Seldar eignir | 1.410 | 15 | 1.395 | 4 |
| Fjárfestingarhreyfingar | ( 56.808) | ( 40.201) | ( 31.423) | ( 20.929) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | |
| Greiddur arður | ( 29.862) | ( 24.641) | ( 25.000) | ( 21.298) |
| Lántökur | 179.910 | 179.524 | 59.910 | 0 |
| Gjaldmiðlaskiptasamningar | 0 | ( 41.175) | 0 | 0 |
| Afborganir lána til langs tíma | ( 160.740) | ( 206.294) | ( 45.050) | ( 4.817) |
| Fjármögnunarhreyfingar | ( 10.692) | ( 92.586) | ( 10.140) | ( 26.115) |
| **Breyting á handbæru fé** | 96.040 | ( 3.133) | 36.534 | 7.198 |
| **Áhrif gengisbreytinga á handbært fé** | 1.409 | ( 1.831) | 1.077 | 1.533 |
| **Handbært fé í byrjun tímabils** | 91.963 | 110.487 | 151.801 | 96.792 |
| **Handbært fé í lok tímabilsins** | 189.412 | 105.523 | 189.412 | 105.523 |

* Ársfjórðungsuppgjör hafa ekki verið könnuð af endurskoðendum samstæðunnar.

Skýringar nr. 1 til 12 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

# Skýringar

## Almennar upplýsingar

### 1. Landsvirkjun

Landsvirkjun er sameignarfyrirtæki sem er með starfsstöðvar sínar á Íslandi og eru höfuðstöðvar þess að Háaleitisbraut 68, Reykjavík. Landsvirkjun starfar á grundvelli laga nr. 42/1983 um fyrirtækið. Megintilgangur fyrirtækisins er að stunda starfsemi á orkusviði. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðuárshlutareikning fyrirtækisins og dótturfélaga þess.

### 2. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34 eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga. Samandreginn árshlutareikningur Landsvirkjunar inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2020.

### 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir árið 2020 fyrir utan það að samstæðan hefur innleitt nýja alþjóðlega reikningsskilastaðla, eins og þeir eru samþykktir af Evrópusambandinu í upphafi tímabils 1. janúar 2021, breytingar á þeim og nýjar túlkanir. Samstæðan hefur ekki innleitt nýja eða endurbætta staðla sem hafa verið gefnir út en ekki tekið gildi. Það er mat stjórnenda að innleiðing nýrra og endurbættra staðla og túlkana sem ekki hafa tekið gildi muni ekki hafa veruleg áhrif á samstæðuárshlutareikninginn. Hægt er að nálgast ársreikninginn fyrir árið 2020 á vef Landsvirkjunar www.landsvirkjun.is og á vef NASDAQ OMX Iceland; www.nasdaqomxnordic.com.

Árshlutareikningurinn er gerður í Bandaríkjadölum, sem er starfrækslumynt móðurfélagsins. Fjárhæðir eru birtar í þúsundum Bandaríkjadala nema annað sé tekið fram.

### 4. Mat og ákvarðanir

Gerð árshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

### 5. Starfsþáttayfirlit

| Rekstrarstarfsþættir 1.1.-30.6.2021 | Orkuvinnsla | Orku- flutningur | Aðrir starfsþættir | Jöfnunar- færslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Tekjur frá þriðja aðila | 218.011 | 43.237 | 715 | | 261.963 |
| Tekjur innan samstæðu | 7.556 | 29.898 | 1.794 | ( 39.248) | 0 |
| Tekjur starfsþátta | 225.567 | 73.135 | 2.509 | ( 39.248) | 261.963 |
| Rekstrargjöld starfsþátta | ( 73.985) | ( 29.417) | ( 1.808) | 39.248 | ( 65.962) |
| EBITDA | 151.582 | 43.718 | 701 | | 196.001 |
| Afskriftir og virðisrýrnun | ( 53.610) | ( 15.034) | ( 471) | 208 | ( 68.907) |
| Afkoma starfsþátta, EBIT | 97.972 | 28.684 | 230 | 208 | 127.094 |

# Skýringar, frh.:

## 5. Starfsþáttayfirlit, frh.:

| | Orkuvinnsla | Orku-flutningur | Aðrir starfsþættir | Jöfnunar-færslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Eignir starfsþátta 30.6.2021 | 3.793.774 | 944.552 | 20.860 | ( 298.863) | 4.460.323 |
| Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum | 333 | 5.630 | 1.819 | ( 5.630) | 2.152 |
| Eignir samtals 30.6.2021 | 3.794.107 | 950.182 | 22.679 | ( 304.493) | 4.462.475 |
| | | | | | |
| Starfsþáttaskuldir 30.6.2021 | 1.688.048 | 541.810 | 7.738 | ( 9.745) | 2.227.851 |
| Skuldir samtals 30.6.2021 | 1.688.048 | 541.810 | 7.738 | ( 9.745) | 2.227.851 |
| | | | | | |
| **Rekstrarstarfsþættir 1.1.-30.6.2020** | | | | | |
| Tekjur frá þriðja aðila | 188.352 | 38.152 | 596 | | 227.100 |
| Tekjur innan samstæðu | 6.077 | 25.655 | 1.891 | ( 33.623) | 0 |
| Tekjur starfsþátta | 194.429 | 63.807 | 2.487 | ( 33.623) | 227.100 |
| Rekstrargjöld starfsþátta | ( 64.385) | ( 27.126) | ( 1.857) | 33.623 | ( 59.745) |
| EBITDA | 130.044 | 36.681 | 630 | | 167.355 |
| Afskriftir og virðisrýrnun | ( 48.938) | ( 14.704) | ( 406) | 200 | ( 63.848) |
| Afkoma starfsþátta, EBIT | 81.106 | 21.977 | 224 | 200 | 103.507 |
| | | | | | |
| Eignir starfsþátta 31.12.2020 | 3.716.194 | 906.025 | 20.392 | ( 296.168) | 4.346.443 |
| Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum | 249 | 5.413 | 1.652 | ( 5.413) | 1.901 |
| Eignir samtals 31.12.2020 | 3.716.443 | 911.438 | 22.044 | ( 301.581) | 4.348.344 |
| | | | | | |
| Starfsþáttaskuldir 31.12.2020 | 1.608.488 | 506.589 | 7.489 | ( 9.357) | 2.113.209 |
| Skuldir samtals 31.12.2020 | 1.608.488 | 506.589 | 7.489 | ( 9.357) | 2.113.209 |

## 6. Rekstrartekjur

| Raforkusala greinist þannig: | 2021 1.1.-30.6. | 2020 1.1.-30.6. |
|---|---|---|
| Heildsala | 30.672 | 32.508 |
| Iðnaður | 197.585 | 149.503 |
| Raforkusala samtals | 228.257 | 182.011 |
| | | |
| Flutningstekjur greinast þannig: | | |
| Orkuflutningur | 37.720 | 32.736 |
| Flutningstap, kerfisþjónusta og aðrar flutningstekjur | 5.112 | 5.102 |
| Flutningstekjur samtals | 42.832 | 37.838 |

## 7. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

| | 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur | 318 | 1.003 |
| | | |
| Vaxtagjöld | ( 28.880) | ( 30.834) |
| Ábyrgðargjald | ( 844) | ( 1.078) |
| Verðbætur | ( 981) | ( 506) |
| Áhrif núvirðingar niðurrifsskuldbindingar | ( 262) | ( 247) |
| Eignfært á nýbyggingar | 3.098 | 1.536 |
| Vaxtagjöld samtals | ( 27.869) | ( 31.129) |
| | | |
| Innleystur gjaldeyrismunur | ( 169) | ( 115) |
| Óinnleystur gjaldeyrismunur | 942 | 9.824 |
| Gjaldeyrismunur samtals | 773 | 9.709 |
| | | |
| Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða | 21.400 | ( 19.626) |
| | | |
| Gangvirðisbreyting annarra afleiðusamninga | ( 38.871) | ( 29) |
| | | |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | ( 44.249) | ( 40.072) |

## 8. Afleiðusamningar í efnahagsreikningi

Afleiðusamningar í efnahagsreikningi sundurliðast þannig:

| | 30.6.2021 | 31.12.2020 |
|---|---|---|
| **Eignir:** | | |
| Innbyggðir afleiðusamningar í raforkusamningum | 25.081 | 4.571 |
| Hrávöruvarnir | 19.578 | 4.139 |
| Gjaldmiðlasamningar | 6.114 | 8.126 |
| | 50.773 | 16.836 |
| Skipting afleiðusamninga er eftirfarandi: | | |
| Langtímahluti afleiðusamninga | 32.893 | 14.931 |
| Skammtímahluti afleiðusamninga | 17.880 | 1.905 |
| | 50.773 | 16.836 |
| **Skuldir:** | | |
| Innbyggðir afleiðusamningar í raforkusamningum | 0 | 890 |
| Hrávöruvarnir | 68.744 | 12.379 |
| Gjaldmiðlasamningar | 896 | 0 |
| | 69.640 | 13.269 |
| Skipting afleiðusamninga er eftirfarandi: | | |
| Langtímahluti afleiðusamninga | 26.075 | 5.408 |
| Skammtímahluti afleiðusamninga | 43.565 | 7.861 |
| | 69.640 | 13.269 |

## 9. Skuldir

Vaxtaberandi langtímaskuldir greinast þannig eftir gjaldmiðlum:

| | | 30.6.2021 | | 31.12.2020 | |
|---|---|---|---|---|---|
| | **Loka-gjalddagi** | **Meðal-vextir** | **Eftir-stöðvar** | **Meðal-vextir** | **Eftir-stöðvar** |
| Skuldir í ISK | 2021-2034 | 5,0% | 39.008 | 5,0% | 37.853 |
| Skuldir í CHF | 2021-2022 | 0,0% | 6.346 | 0,0% | 9.978 |
| Skuldir í EUR | 2024-2026 | 0,0% | 273.373 | 0,0% | 282.143 |
| Skuldir í USD | 2021-2035 | 3,5% | 1.461.822 | 3,4% | 1.437.793 |
| | | | 1.780.549 | | 1.767.767 |
| Afborganir næsta árs | | | ( 200.914) | | ( 236.052) |
| Skuldir til langs tíma samtals | | | 1.579.635 | | 1.531.715 |

Vaxtakjör af lánum eru á bilinu 0,0-5,0%. Að jafnaði voru nafnvextir á tímabilinu um 3,3%, að teknu tilliti til ríkisábyrgðargjalds (2020: 3,2%).

## 9. Skuldir, frh.:

Samkvæmt lánasamningum eru afborganir langtímaskulda eftirfarandi:

| | 30.6.2021 |
|---|---|
| 1.7.2021-30.6.2022 | 200.914 |
| 1.7.2022-31.12.2022 | 27.124 |
| 2023 | 250.811 |
| 2024 | 154.084 |
| 2025 | 195.119 |
| 2026 | 319.588 |
| Síðar | 632.909 |
| | 1.780.549 |

## 10. Samanburður á gangvirði og bókfærðu verði

| | 30.6.2021 | | 31.12.2020 | |
|---|---|---|---|---|
| | Bókfært verð | Gangvirði | Bókfært verð | Gangvirði |
| Vaxtaberandi langtímaskuldir | 1.780.549 | 1.985.879 | 1.767.767 | 2.005.966 |

Gangvirði annarra fjáreigna og fjárskulda er metið jafnt bókfærðu verði þeirra.

Við útreikning á gangvirði vaxtaberandi langtímaskulda er notað vaxtaróf undirliggjandi mynta við núvirðingu á væntu sjóðstreymi.

| Vextir greinast þannig: | 30.6.2021 | 31.12.2020 |
|---|---|---|
| Vaxtaberandi skuldir ISK | -0,1 til 0,9% | 0,1 til 1,2% |
| Vaxtaberandi skuldir aðrar en ISK | -0,7 til 1,7% | -0,8 til 0,9% |

## 11. Flokkun gangvirðis

Taflan sýnir stigskiptingu þeirra liða árshlutareiknings sem færðir eru á gangvirði.

| 30.6.2021 | Stig 2 | Stig 3 | Samtals |
|---|---|---|---|
| Innbyggðar afleiður | | 25.081 | 25.081 |
| Aðrar afleiður | ( 43.947) | | ( 43.947) |
| Endurmat rekstrarfjármuna | | 213.071 | 213.071 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | | 598 | 598 |
| | ( 43.947) | 238.750 | 194.803 |

## 11. Flokkun gangvirðis, frh.:

| 31.12.2020 | Stig 2 | Stig 3 | Samtals |
|---|---|---|---|
| Innbyggðar afleiður | | 3.681 | 3.681 |
| Aðrar afleiður | ( 113) | | ( 113) |
| Endurmat rekstrarfjármuna | | 218.605 | 218.605 |
| Eignarhlutar í öðrum félögum | | 579 | 579 |
| | ( 113) | 222.865 | 222.752 |

## 12. Önnur mál

Ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra skipaði starfshóp á árinu 2019 í þeim tilgangi að skoða hvort og hvernig hægt verði að koma eignarhaldi Landsnets alfarið eða að mestum hluta á hendur ríkisins innan viðunandi tímamarka. Landsnet annast flutning raforku og stjórnun raforkukerfa. Landsvirkjun á 64,7% hlutafjár í Landsneti. Þann 1. júlí 2021 tóku gildi lög þar sem fram kemur að flutningsfyrirtækið skuli vera í beinni eigu íslenska ríkisins og/eða sveitarfélaga. Ákvæðið á að koma til framkvæmda 1. júlí 2022.